

98. þingflokksfundur 11. mars 2015, kl. 13.00

Fundinn sitja: Alla, Birgitta, Helgi Hrafn og Jón Þór.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Fundur Dögunar um sjávarútvegsmál

Helgi Hrafn hefur samband við Gunnar og athugar hvort hann kemst.

2. Aðild að Ský

Ákveðið að þingflokkurinn skrá sig saman í Ský.

3. Frumvarp - þingmálhali

Alla vinnur að nýju frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingsköp.

4. Bréf af nefndarfundum

Helgi Hrafn brífaði af fundi allsherjar- og menntamálanefndar og gerði grein fyrir stöðu mála um afnám refsinga við guðlasti og OPCAT. Jón Þór brífaði af fundi efnahags- og viðskiptanefndar og Birgitta af fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

5. Þingsályktunartillaga um sakaskrár og ítrekunaráhrif

Helgi tekur málið að sér.

6. Fyrirspurn um sýnatökur lögreglu

Birgitta gerir skriflega fyrirspurn um hversu margar blóðprufur lögreglan gerir á fólki sem er sakað um akstur undir áhrifum áfengis/fíkniefna og hversu oft rökstuddur grunur reynist réttur.

7. Stjórnmalahátíð

Stjórnmalahátíðin verður haldin í Norrænahúsinu 11. - 13. júní. Helgi hefur samþykkt að ræða um fíkniefnastefnu flokksins og Alla mun tala um IMMI. Rætt var um að sækja um styrk til að fá erlendan gest á hátíðina. Alla verður í sambandi við Köttlu.

8. Um uppsagnir hjá Isavia

Ákveðið að styðja Ásmund Friðriksson sem hefur tekið málið upp.

9. Önnur mál

AGS hefur sent Jóni Þóri gögn varðandi sjálfstæði Seðlabanka auk þess sem þau eru tilbúin að gera umsögn. Jón nefndi málið í viðtali hjá Ventlinum í morgun. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið 15.00.